

SKIPULAGSNEFND KEFLAVÍKURFLUGVALLAR

LANDHELGISGÆSLAN



Endurskoðun Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2011 – 2030

**Lýsing verkefnisins
og matslýsing**

01. júlí 2011



LÝSING VERKEFNISINS OG MATSLÝSING

Lýsing verkefnisins með vísan í 30.grein skipulagslaga nr. 123/2010 1

1.	Inngangur	1
2.	Forsendur og fyrirbyggjandi stefna	1
3.	Áherslur við endurskoðun aðalskipulagsins	2
4.	Umhverfismál	2
5.	Fyrirhugað skipulagsferli – kynning og samráð	3
6.	Kynning og samráð	3
	Matslýsing	4
7.	Inngangur	4
7.1	<i>Matsskylda</i>	4
8.	Umhverfismat Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar	4
8.1	<i>Tengsl umhverfismats og skipulagsvinnu</i>	4
8.2	<i>Tengsl við aðra áætlanagerð</i>	4
8.3	<i>Nálgun og tilgangur</i>	5
8.4	<i>Áhrifaþættir</i>	5
8.5	<i>Umhverfiþættir og gögn</i>	5
8.5.1	<i>Umhverfiþættir ekki til frekari umfjöllunar</i>	6
8.5.2	<i>Gögn og viðmið</i>	6
8.6	<i>Valkostir</i>	7
8.7	<i>Umhverfisskýrsla</i>	7
8.7.1	<i>Vöktun og eftirfylgni</i>	7
9.	Samráð og kynningar	7
10.	Heimildir	7



Lýsing verkefnisins með vísan í 30.grein skipulagslaga nr. 123/2010

1. Inngangur

Unnið var að gerð fyrsta aðalskipulags Keflavíkurflugvallar á árunum 2001-2005. Skipulagið hlaut staðfestingu utanríkisráðherra 24. febrúar 2006, en Keflavíkurflugvöllur var varnarsvæði undir stjórn utanríkisráðuneytisins. Í aðalskipulaginu var fjallað almennt um allt skipulagssvæðið, og sérstaklega um þann hluta þess sem var helgaður „borgaralegri flugstarfsemi“ (flugstöðvarsvæðið). Á athafnasvæði varnarliðsins var lögð áhersla á óbreytt ástand og ekki gert ráð fyrir verulegum breytingum.

Brottför varnarliðsins var tilkynnt í október 2006 og Íslendingar tóku við rekstri flugvallarins.

Ný lög „um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli“, nr. 176/2006 voru samþykkt og birt „auglýsing nr. 38/2007 - um að hluti varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli skuli tekinn í borgaraleg not“.

Flugvallarsvæðinu – í nýrri mynd – var skipt í tvennt, svæði A sem skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fer með skipulagsvald á, og svæði B, öryggissvæði undir stjórn utanríkisráðuneytisins. Landhelgisgæsla Íslands í umboði utanríkisráðherra fer með skipulagsvald á svæði B.

Síðan 2006 hafa verið gerðar þrjár breytingar á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar til þess að sníða af skipulagssvæðinu það land sem færast undir lögsögu grannsveitarfélaganna, Garðs, Sandgerðis og Reykjanesbæjar. Ekki voru gerðar aðrar breytingar á skipulaginu.

Meginforsendur fyrir Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025 hafa þannig gjörbreytst.

Skipulagsyfirvöld Keflavíkurflugvallar – skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Landhelgisgæsla Íslands – hafa ásamt stjórn Isavia ohf, sem kostar gerð skipulagsins á svæði A, tekið ákvörðun um að hefja endurskoðun Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar, og að tryggja samræmda sýn á helstu viðfangsefni og markmið.

Núgildandi „Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005 – 2025“ (með staðfestum breytingum) er grundvöllur vinnunnar, ásamt mikilvægum forsendum um breytingar á skipulagssvæðinu og stjórnsýslu á því eftir brottför varnarliðsins. Eins og að framan greinir hefur allt þetta breyst í samræmi við „lög nr. 176/2006 – um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli“ og „auglýsingu nr. 38/2007 - um að hluti varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli skuli tekinn í borgaraleg not“.

Skipulagstímabil endurskoðaðs aðalskipulags Keflavíkurflugvallar er áætlað 2011-2030.

2. Forsendur og fyrirbyggjandi stefna

Gildandi aðalskipulag

Endurskoðunin byggist á mati á gildandi aðalskipulagi, stefnumörkun þess og forsenduköflum greinargerðar.

Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Endurskoðað aðalskipulag mun taka fullt tillit til skipulagsreglna Keflavíkurflugvallar sem innanríkisráðuneytið gefur út. Skipulagsreglurnar tryggja að engin áform verði um framkvæmdir sem skerða öryggi vallarins og nauðsynleg helgunarsvæði hans.

Löggjöf og ytri stefnumörkun

Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar og endurskoðun þess mótast eftir atvikum af margvíslegri löggjöf og ytri stefnumörkun t.d. :



LÝSING VERKEFNISINS OG MATSLÝSING

- n Skipulagslög 2010 nr. 123, og ný skipulagsreglugerð væntanleg.
- n Landsskipulag og / eða stefna stjórnvalda – t.d. um samgöngur, umhverfismál, orkumál, losun gróðurhúsalofttegunda, milliríkjasamningar um varnarmál ofl..
- n Alþjóðasamningar og reglur um flugrekstur og flugöryggi.
- n Svæðisskipulag Suðurnesja.

3. Áherslur við endurskoðun aðalskipulagsins

Helstu viðfangsefni og markmið sem unnið verður að við endurskoðun Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2005-2025.

- n Keflavíkurflugvöllur m.t.t. þróunar flugmála á Íslandi – aðrir flugvellar. Í hvaða atriðum tekur aðalskipulag Keflavíkurflugvallar mið af þróun flugmála á landsvísu og annarra flugvalla og umferð um þá ?
- n Flugbrautir – þróun og framtíðarþörf fyrir nýjar brautir. Fjallað verður um líklega og æskilega þróun flugvallarins og mat lagt á hvort aðalskipulagið sé sniðið að henni og hafi æskileg áhrif á hana með því flugbrautakerfi sem gert er ráð fyrir.
- n Núverandi brautakerfi og áform skv. gildandi aðalskipulagi metin með hliðsjón af hugmyndum um umfangsminni uppbyggingu.
- n Svæði B / öryggissvæði – hlutverk þess og framtíð.
- n Öryggis- og varnarhagsmunir.
- n Milliríkjasamningar um afnot.
- n Framtíð flugstöðva og flughlaða – breyttar forsendur leiða af sér nýja valkosti :
- n Flughlað FLE – stækkun til austurs og / eða vesturs, takmarkanir og kostir.
- n Háaleitishlað – ástand mannvirkja og möguleikar á nýtingu þeirra, takmarkanir og kostir.
- n Innanlandsflug / samgöngustefna – hver er líkleg og æskileg þróun, hlutverk Keflavíkurflugvallar og aðalskipulags hans?
- n Kennsluflug / æfingaflug / einkaflug – hver er líkleg og æskileg þróun, hlutverk Keflavíkurflugvallar og aðalskipulags hans?
- n Samgöngur á landi – bílar / sporbundnar lestir – líkleg og æskileg þróun og samræmi við aðalskipulag.
- n Gengið er út frá að fyrirkomulag flugleiðsöguratsjáa verður óbreytt frá því sem nú er.

4. Umhverfismál

Í endurskoðun aðalskipulagsins verður fjallað um umhverfismál á ýmsum stigum, og um Keflavíkurflugvöll gildir eftir atvikum stefnumörkun stjórnvalda um umhverfismál.

Hljóð og hljóðstig – stefnumótun aðalskipulagsins tekur mið af áhrifum á hljóðstig vallarins og takmörkunum vegna þess utan hans. Valkostir um legu og þróun flugbrauta verða metnir m.t.t. þessa.

Einnig verður fjallað um vatn og fráveitu, yfirborðsvatn og mengunarvarnir vegna meðferðar olíu og spilliefna á vellinum.

Umfjöllun um umhverfismál verður að miklu leyti í „almennum texta“. Í skipulaginu verður að taka ábyrgja afstöðu og mikilvægt er að gefa ekki óraunhæf fyrirheit um aðgerðir eða markmið.



LÝSING VERKEFNISINS OG MATSLÝSING

5. Fyrirhugað skipulagsferli – kynning og samráð

Stefnumótun, þarfagreining

Endurskoðun aðalskipulagsins er stefnumótunarvinna þeirra aðila sem standa að því.

Aðalskipulagið verður unnið á grunni þarfagreiningar fyrir grunnþætti í starfsemi flugvallarins, og raunsæju mati á mögulegri og æskilegri þróun.

Ráðgjafarhópur Isavia um endurskoðun aðalskipulagsins annast þarfagreiningu – skv. reglum um hann.

Stjórn Isavia ohf., Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Landhelgisgæslan fjalla um markmið og áherslur og veita umboð til vinna að þeim.

Aðalskipulag er í eðli sínu landnýtingaráætlun, en endurskoðað aðalskipulag Keflavíkurflugvallar nýtist einnig að nokkru leyti sem framkvæmda- eða rekstraráætlun, þegar áform þess eða breytingar á því helgast af hugmyndum sem bundnar eru við tiltekna framkvæmdir.

6. Kynning og samráð

Umsagnaraðilar og stjórnábyrgðarmenn sem leitað verður til með lýsingu þessa :

- n Skipulagsstofnun,
- n Reykjanesbær, Sveitarfélagið Garður, Sandgerðisbær, Grindavíkurbær og Sveitarfélagið Vogar
- n Flugmálastjórn Íslands,
- n Innanríkisráðuneytið,
- n Utanríkisráðuneytið,
- n Umhverfissráðuneytið,
- n Fornleifavernd ríkisins,
- n Umhverfisstofnun,
- n Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja,
- n Lögreglustjórn á Suðurnesjum,
- n Tollstjóri,
- n Vegagerðin,
- n Kadeco
- n Flugrekendur og starfsleyfishafar fyrir flugtengda þjónustu á Keflavíkurflugvelli.

Samráð verður haft við ofantalda aðila og fleiri eftir atvikum við skipulagsvinnuna – með bréfaskrifum og fundum.

Um endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar gilda lög nr. 105 / 2006 um umhverfismat áætlana.



LÝSING VERKEFNISINS OG MATSLÝSING

Matslýsing

7. Inngangur

Skipulagsyfirvöld Keflavíkurflugvallar, skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og Landhelgisgæslan í umboði utanríkisráðherra, hafa ákveðið að endurskoða aðalskipulag flugvallarins. Hér á eftir er greint frá því hvernig staðið verður að umhverfismati áætlana vegna skipulagsins. Varðandi tilgang umhverfismats er vísað í fyrstu grein laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

7.1 Matsskylda

Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar er matsskyld skv. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem skipulagið:

- n markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000,
- n er undirbúið eða samþykkt af stjórnvöldum og
- n unnið samkvæmt lögum.

8. Umhverfismat Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar

8.1 Tengsl umhverfismats og skipulagsvinnu

Nálgun aðferðar umhverfismats gerir ráð fyrir að matsvinnan nýtist til þess að tryggja að stefnumótun verði upplýst og rökstudd varðandi möguleg umhverfisáhrif aðalskipulags. Í matsvinnunni mun koma fram hvort tiltekin umhverfisáhrif aðalskipulags geti talist vera verulega neikvæð til þess að geta brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.

8.2 Tengsl við aðra áætlanagerð

Í tengslum við umhverfismatið verður greint frá tengslum og samræmi annarra áætlana við endurskoðað aðalskipulag. Áætlanir sem helst verður litið til eru:

- n Samgönguáætlun 2009-2012
- n Samgönguáætlun 2003-2014
- n Náttúruminjaskrá. Svæði í nágrenni flugvallarins eru á Náttúruminjaskrá.
- n Alþjóðlegir samningar um flugrekstur og flugöryggi
- n Aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga:
 - o Sandgerðisbær 2008 – 2024
 - o Sveitarfélagið Garður 1998 – 2018
 - o Reykjanesbær 2008 – 2024

Aðrar áætlanir sem eru í vinnslu en verður litið til eru:

- o Samgönguáætlun 2011-2022
- o Samgönguáætlun 2011-2014
- o Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024



LÝSING VERKEFNISINS OG MATSLÝSING

8.3 Nálgun og tilgangur

Mat á áhrifum mun byggja á vinnu ráðgjafahóps sem heldur utan um alla skipulagsvinnu. Eftir þörfum mun ráðgjafahópurinn leita aðstoðar sérfræðinga á sviði umhverfismats, s.s. við gerð umhverfisskýrslu.

Matsvinnan miðar að því að stuðla að upplýstri ákvarðanatöku og að við gerð aðalskipulags sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða á þann hátt að í skipulagsvinnu verði stefnt að því að draga úr eða koma í veg fyrir möguleg neikvæð umhverfisáhrif aðalskipulagsins.

8.4 Áhrifaþættir

Megin áhersla umhverfismats verður á eftirfarandi þætti í skipulagsvinnu Keflavíkurflugvallar:

- n Mögulegar breytingar á flugbrautum. Fjöldi, staðsetning, lengd.
- n Þróun flugumferðar á skipulagstímabili, þ.m.t. þróun innanlandsflugs.
- n Aðgengi og samgöngur. Aðgengi að flugvallarsvæði og mögulegar lestarsamgöngur.

8.5 Umhverfiþættir og gögn

Helstu umhverfiþættir sem verða til umfjöllunar í skipulags- og matsvinnu eru: Hljóðvist, landnotkun, loftgæði, samfélag, landrymi og forn- og menningarminjar.

Hljóðvist

Hljóðvist verður veigamesti umhverfiþáttur í matsvinnunni. Aðalskipulagsvinnan, þ.e. ákvörðun um staðsetningu og útfærslu flugbrauta er forsenda þess hvernig hávaði frá flugumferð dreifist. Ákvörðun um legu nýrra eða notkun núverandi flugbrauta getur ráðið því hvort tiltekin svæði byggðar verða fyrir áhrifum flugumferðar.

Forsenda umfjöllunar og mats mun fyrst og fremst vera skýrsla um kortlagningu hávaða frá flugumferð á Keflavíkurflugvelli sem unnin var árið 2008 (Línuhönnun, 2008).

Fjallað verður um hvort forsendur þessara útreikninga hafa breyst og að hve miklu leyti niðurstöður skýrslunnar eiga við hugmyndir um þróun flugvallarins miðað við breytt aðalskipulag.

Landnotkun

Gerð verður grein fyrir mögulegum áhrifum á landnotkun í nágrenni við flugvöllinn, öðrum en sem tengjast hljóðvist. Litið verður til þeirrar landnotkunar sem kann að verða fyrir áhrifum, s.s. atvinnusvæði, íbúðabyggð, útivistarsvæði eða verndarsvæði í nágrenni flugvallarins.

Í aðalskipulaginu verður gerð grein fyrir öryggissvæðum vegna flugumferðar og starfsemi ratsjárstöðva og áhrifum þeirra á aðra landnotkun. Fyrst og fremst er litið til þeirra takmarkana sem þessir þættir í rekstri flugvallarins hafa á aðra starfsemi og landnotkun og verður þá einnig litið til aðalskipulagsáætlana aðliggjandi sveitarfélaga.

Loftgæði

Losun mengandi efna vegna flugumferðar og flugvallarstarfsemi þarf að uppfylla ákveðnar kröfur sem eru skilgreindar í starfsleyfum. Umfjöllun um áhrif flugumferðar á loftgæði verður til skoðunar í umhverfismatinu. Það má þó færa rök fyrir því að aðalskipulagsáætlun hefur mjög takmörkuð áhrif á umfang og eðli losunar frá flugvélum, sem snýr frekar að tækni og gerð flugvéla.

Í umhverfismatinu verður einnig spurt um það hvort og með hvaða hætti starfsemi á flugvöllum kann að hafa áhrif á lykt í aðliggjandi byggð. Umræðan verður almenns eðlis. Fyrst og fremst verður fjallað um hvaða þættir í rekstri flugvallar það eru sem kunna að hafa áhrif á lykt og hvort hún hafi verið vandamál fyrir íbúa í nágrenninu.



LÝSING VERKEFNISINS OG MATSLÝSING

Losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)

Í aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda um loftslagsmál er greint frá því að tilskipun 2003/87/EB um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (Emissions Trading System) er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Árið 2012 mun flugstarfsemi heyra undir kerfið um losunarheimildir. Umfjöllun í matsvinnu mun eð mestu leyti snúa að því að skilgreina hvort og með hvaða hætti aðalskipulagsáætlun flugvallarins geti haft áhrif á þennan umhverfisþátt.

Samfélag

Í umhverfismatinu verður almennt greint frá mögulegum samfélagslegum áhrifum aðalskipulagsvinnu. Í aðalskipulagi flugvallarins er gert ráð fyrir að flugvöllurinn gegni mikilvægu hlutverki í atvinnulífi aðliggjandi sveitarfélaga. Atvinnuuppbygging á Suðurnesjum miðar m.a. að nálægð við Keflavíkurflugvöll og áhrifum hennar á samgöngur á svæðinu s.s. á samvirkni hafna, athafnasvæða, flugvallar og vegakerfis.

Landrými

Stefnumörkun aðalskipulagsins hefur áhrif á nýtingu lands. Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir breytingum á umfangi lands sem fer undir flugvallarstarfsemi, hvort sem það er með tilkomu nýrra mannvirkja eða dregið verði úr áætlunum um þau á skipulagstímabilinu.

Menningarminjar

Á og við flugvallarsvæðið eru menningarminjar sem tengjast hersetu á Íslandi. Litið verður til þess í umhverfismatinu hvort þessar minjar kunna að verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdar aðalskipulagsáætlunarinnar.

8.5.1 Umhverfisþættir ekki til frekari umfjöllunar

Undirbúningsvinna skipulags- og matsvinnu hefur leitt til þess að eftirfarandi þættir verða ekki til frekari umfjöllunar.

Náttúrufar/lífriki

Á undirbúningsstigi matsvinnu var litið til mögulegra áhrifa flugumferðar á náttúrufar/lífriki. Staðhættir eru þannig að ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þennan umhverfisþátt, þó að gerð verði grein fyrir honum í staðháttalýsingu.

Ásýnd

Aðalskipulag og eðlislegar breytingar vegna þess geta breytt ásýnd flugvallarsvæðisins. Þrátt fyrir það er ekki gert ráð fyrir að ásýnd flugvallarins muni koma til með að breytast verulega og ekki talin þörf á að fjalla um það sérstaklega.

8.5.2 Gögn og viðmið

Eftirfarandi viðmið verða höfð til hliðsjónar þegar lagt verður mat á umfang og eðli umhverfisáhrifa:

Reglugerð um hávaða, nr. 724/2008, tafla II um mörk vegna hávaða frá flugumferð.

Reglugerð um loftgæði, nr. 787/1999.

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Stefnumörkun aðliggjandi sveitarfélaga.

Umhverfisstefna flugvallarins.

Leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.



LÝSING VERKEFNISINS OG MATSLÝSING

8.6 Valkostir

Valkostaumræða skipulagsvinnu mun snúa að ákvörðun um fjölda og staðsetningu flugbrauta. Fyrst og fremst verður horft til mögulegra áhrifa á aðliggjandi byggð og landnotkun. Möguleg umhverfisáhrif eru aðeins einn af mörgum þáttum sem hafa áhrif á ákvarðanatöku um flugbrautir.

Eftir því sem við á verður fjallað um mögulega valkosti sem varða aðgengi flugvallarins. Skoða þarf mögulegar útfærslur s.s. tengi- og aðkomuvega en einnig möguleika á lestartengingu flugvallarins við höfuðborgarsvæðið. Matsvinnan miðar við að skilgreina möguleg umhverfisáhrif mismunandi valkosta.

Einnig verður greint frá mögulegum áhrifum þess að Keflavíkurflugvöllur þjóni í auknu mæli innanlandsflugi.

8.7 Umhverfisskýrsla

Umhverfisskýrsla verður hluti greinargerðar með aðalskipulaginu. Hún gerir grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum aðalskipulagsins. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og rökstuðning fyrir mögulegum breytingum, um leið og stuðlað er að því að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða í ákvörðunum um mögulegar breytingar.

Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir áhrifum framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Uppbygging og innihald umhverfisskýrslu verður í samræmi við 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og leiðbeiningablað 11 frá Skipulagsstofnun um umhverfisskýrslu.

8.7.1 Vöktun og eftirfylgni

Komi fram í matsvinnunni að Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar muni líklega hafa veruleg áhrif á tiltekinn umhverfisþátt verður leitast við að skilgreina mögulegar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum.

Í umhverfisskýrslunni verður einnig greint frá vöktun sem kann að verða skilgreind í matsvinnunni vegna mögulegra umhverfisáhrifa, hvernig verði staðið að henni og hver beri ábyrgð á því. Einnig verður gerð grein fyrir þeirri vöktun sem tengist starfs- og rekstrarleyfum flugvallarins og snúa að umhverfisþáttum.

9. Samráð og kynningar

Samráð og kynningar fyrir almenningi, íbúum og helstu umsagnaraðilum verða í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Helstu umsagnaraðilar eru taldir upp í kafla 6 hér að framan.

10. Heimildir

Línuhönnun (2008). Hljóðspor við Keflavíkurflugvöll. Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli og Reykjanesbær.

Umhverfisráðuneytið (2010). Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.